

Selfossi, 25. febrúar 2003.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Skólaskrifstofa Suðurlands þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í meginatriðum er frumvarpið skýrt og greinargott, en þó vantar að tilgreint sé í frumvarpinu hvernig gæta skuli jafnræðis milli Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar í þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR), s.s.:

- Hvar fer þjónusta við landsbyggðina fram?
- Hafa starfsmenn GRR skyldu til að fara út á landsbyggðina, eða þarf landsbyggðarfólk ævinlega og undartekningarlaust að leita til GRR á höfuðborgarsvæðinu?

Við teljum, af fenginni reynslu, að löggin þurfi að tilgreina hvernig þjónustunni við landsbyggðarfólk skuli háttáð, enda ólíku saman að jafna að sækja þjónustuna frá Reykjavíkursvæðinu og utan af landi. Við teljum skynsamlegt að starfsfólk GRR dvelji í miklu meira mæli í öðrum landshlutum en þekkist í dag. Eitt af markmiðum þessara laga ætti að vera að færa þjónustu GRR nær heimilum allra landsmanna.

Virðingarfyllt,


Kristín Hreinsdóttir
forstöðumaður